



Stjórnarráð Íslands
Innviðaráðuneytið

irn@irn.is
545 8200

Sölvhólsgötu 7,
101 Reykjavík

stjornarradid.is

Fjarðabyggð
Hafnargötu 2
730 Fjarðabyggð
fjardabyggd@fjardabyggd.is

Reykjavík 01. september 2022
Tilv.: IRN22080027/4.13.3

Innviðaráðuneytinu hefur borist erindi sem varðar afgreiðslu sveitarstjórnar Fjarðabyggðar á ráðningarsamningi bæjarstjóra, nánar tiltekið því álitamáli hvort kjörnum fulltrúum sé heimilt að taka til máls og greiða atkvæði með ráðningarsamningi sem viðkomandi er aðili að. Með erindinu fylgdu engin gögn en ráðuneytið lítur svo á að í því felist ábending/kvörtun vegna stjórnsýslu Fjarðabyggðar. Erindið hefur því verið sett í þann farveg að ráðuneytið mun leggja mat á hvort að efni þess gefi tilefni til að fjalla formlega um stjórnsýslu sveitarfélagsins á grundvelli 112. gr. sveitarstjórnarlaga.

Með vísan til 113. gr. sveitarstjórnarlaga er óskað eftir umsögn Fjarðabyggðar við framangreindu erindi, þar á meðal afrit af gögnum málsins sem kunna að varpa ljósi á meðferð þess hjá sveitarstjórn. Einnig er óskað eftir afstöðu Fjarðabyggðar um það atriði sem lýtur að hæfi kjörins fulltrúa til að taka til máls og greiða atkvæði með ráðningarsamningi sem viðkomandi er aðili að.

Umbeðnar upplýsingar skulu hafa borist ráðuneytinu í netfangið irn@irn.is, eigi síðar en 22. september nk. Að þeim fengnum mun ráðuneytið taka afstöðu til þess hvort málið gefi tilefni til frekari skoðunar af hálfu þess á grundvelli 112. gr. sveitarstjórnarlaga.

Fyrir hönd ráðherra
eftir umboði

Hafðís Gísladóttir